

ið hefir verið höfðað í tæka tíð ber að viðurkenna sjóveðrjett áfrýjanda í mótorbátnum.

Yfirdómurinn felst á ákvæði sjódómsins um málskostnað. Það þykir og rjett, að málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Þvi dæmist rjett vera:

Stefndi Árni Böðvarsson greiði áfrýjanda Valde-
mar Árnasyni 878 kr. 56 a. með 6% ársvöxtum frá
stefnudegi til greiðsludags, og hefir áfrýjandi sjóveð-
rjett í bátnum »Viola« fyrir þessari upphæð með
vöxtum uns greitt er.

Málskostnaður fyrir sjódómi og yfirdómi falli
niður.

Dóminum ber að fullnægja áður liðnar sju 8
vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri laga-
aðför.

Mánudaginn 10. febrúar 1919.

Nr. 1/1919:

Rjettvísinn
gegn

Bjarna Jónssyni.

Dómur:

Með aukarjettardómi Strandasýslu, uppkveðnum

9. nóvbr. f. á. var hinn ákærði Bjarni Jónsson, vinnu-
maður frá Kluku, dæmdur fyrir þjófnað til að sæta
betrunarhúsvinnu í 8 mánuði, og til að greiða allan
kostnað sakarinnar, en dómi þessum hefir eftir ósk
hins ákærða verið skotið til yfirdómsins.

Með eiginni játningu ákærða, sem er í samræmi
við aðrar skýrslur, er fengnar hafa verið í málinu,
er það löglega sannað, að hann hefir gert sig sekan
í þjófnaði á peningum svo sem nú skal greina.
Snemma í nóvembermánuði 1917 átti ákærði leið inn
á Hólmavíkurverslunarstað og kom þar síðla dags;
segir hann að á leiðinni þangað hafi sjer komið til
hugar »að stela einhverju á Hólmavík, ef hann gæti
komið sjer fyrir með það«. — Hann notaði nú tæki-
færið til þess að smeygja sjer inn um kjallaraglugga
undir sölubúð verslunarfjelags Steingrímsfjarðar; seg-
ir hann að glugginn hafi verið rúðulaus, og hefir
annað eigi sannast; úr kjallaranum fór hann upp í
sölubúðina, kveykti á eldspýtu, gekk rakleitt að búð-
arpúltinu, en honum var kunnugt um að peningar
voru geymdir þar; púltið virðist hafa verið ólæst, og
tók ákærði úr því 4 peningaseðla samtals 21 kr. og
hafði þá á burt með sjer; fór hann síðan sömu leið
úr búðinni og úr húsinu aftur. Peningum þessum
hefir verið aftur skilað eigandanum. Fyrir nokkrum
árum var ákærði heimilismaður á Ósi; stal hann þá
frá húsbónda sínum Gunnlaugi Magnússyni 15 kr. í seðl-
um, er geymdir voru undir höfðalaginu í rúmi húsbónd-
ans; þessa peninga hefir ákærði einnig endurgreitt.

Eftir skýrslum málsins virðist þessi þjófnaður hafa verið framinn á árinu 1916.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 4. júní 1896, og hefir eigi áður verið dæmdur eða sætt hegningu fyrir nokkurn glæp. Hann hefir sjálfur skýrt frá því fyrir rjettinum, að »það stríði á sig tilhneyging til þess að stela« og »að hann hafi helst og oftast stolið einhverju matarkyns á bæjum þeim, þar sem hann hefir dvalið«; »hafi húsbændurnir beðið hann að reyna að hætta þessu, en allar slíkar áminningar hafi orðið árangurslausar, því að hann hafi orðið að láta undan ástríðu sinni«. — Það er nú og sannað með öðrum skýrslum og gögnum í málinu, að ákærði hafi frá barndómi verið hnupsamur og gert sig sekan í ýmislegri hvinnsku, þótt eigi hafi hann komist undir ákæru fyr, enda er svo frá skýrt, að það hafi alt verið smávægilegt er hann hnuplaði; jafnaðarlega eitthvað matarkyns. Þessi stelsýki ákærða, sem hjer er lýst, getur þó að lögum eigi dregið úr sakhæfi hans.

Afbrot hins ákærða eru af hjeráðsdómaranum rjettilega heimfærð undir 231. gr. 4. tölul. og 230. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869, og þykir refsingin fyrir þau hæfilega ákveðin með tilliti til 63. gr. sömu laga 9 mánaða betrunarhúsvinna. Um málskostnað á hjeráðsdómurinn að vera óraskaður, og verður því dómur þessi staðfestur með áminstri breytingu á refsingunni. Ákærði verður og að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin

málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðst 15 kr. fyrir hvorn þeirra.

Það athugast að hjeradsdómurinn hefir eigi formlega tekið mál þetta undir dóm, og að þess er eigi getið, að hann hafi skýrt ákærða frá því, að dómur yrði látinn ganga í málinu, nje heldur að hann hafi spurt ákærða, sem engan verjanda hafði í hjeradi, hvort hann óskaði eigi að bera fram eitt-hvað sjer til varnar í málinu. En með því að málið yfirleitt er sæmilega iannsakað, það er einfalt og óbrotið, og enginn vafi leikur á um afbrot ákærða, og honum eftir stefnunni hlaut að vera það vitanlegt að dómur yrði látinn ganga yfir honum fyrir þessi afbrot hans, þykir eigi ástæða til að vísa málinu heim af ofantöldum sökum, og það vottast að rekstur málsins í hjeradi hefir að öðru leyti verið vitalaus. Mál færslan við yfirdóminn hefir verið lögmaet.

Því dæmist rjett vera:

Aukarjettardómurinn skal vera óraskaður, þó svo að refsingin sje 9 mánaða betrunarhúsvinna. Ákærði greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til skipaðs sækjanda og skipaðs verjanda við yfirdóminn, yfirrjettarmálflutningsmanna Jóns Ásbjörns-sonar og Eggerts Claessen, 15 kr. til hvors. Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.